



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Efni: Umsögn Menntakerfisins okkar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla), Þingskjal 142 – 141. mál.

Við hjá Menntakerfinu okkar fengum umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp sem lítur að aukinni kristinfræðikennslu á grunnskólastigi. Menntakerfið okkar leggst gegn kristinfræðifrumvarpinu.

Litið til fortíðar:

Förum aftur um þó nokkur ár og lítum til sumarsins árið 1000, það var sumarið sem dró til tíðinda á Alþingi á Þingvöllum. Heiðnir menn og kristnir höfðu skipst í tvær fylkingar, samkomulag varð innan þessara fylkinga að Þorgeir Ljósveitningagoði lögsögumaður heiðinna skyldi ákveða hvaða trú Íslendingar allir skyldu taka. Eins og vel er þekkt lagðist Þorgeir undir feld og hafðist þar við nóttina og næsta dag. Þá gekk hann að Lögbergi með úrskurð sinn að Íslendingar skyldu taka kristna trú en heiðnir fengju áfram að stunda sína trú þótt leynt skyldi fara.

Nú erum við stödd á árinu 2021, 1021 ári frá kristnitöku Íslendinga og hefur kristin trú verið mótandi í samfélaginu um langa hríð og sett mark sitt á menningu okkar og samfélag. Kristileg gildi okkar endurspeglast vel í lögum um grunnskóla þar sem kveðið er um að starfshættir grunnskóla skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Við getum ekki neitað því að þetta eru góð gildi og eitthvað sem gott er að tileinka sér og lifa eftir að sýna hvort öðru umhyggju, umburðarlyndi og kærleika en af hverju þurfa þau að vera bundin endilega við kristna trú? Sum þessara gilda eru sambærileg gildum annarra trúa. Í stað þess að skiptast í tvær fylkingar eins og við Íslendingar gerðum hér forðum, af hverju vinnum við ekki að því að verða ein heild, það getum við orðið þrátt fyrir ólík trúarbrögð.


Frá trúarbragðafræði í kristinfræði:

Ef við ætlum að fara að taka nafnið trúarbragðafræði í skólum og breyta því í kristinfræði erum við að skipta okkur í fylkingar, segja að ein trú sé mikilvægari en önnur og með því gætum við ýtt undir fordóma og skilningsleysi til hvors annars. Þetta eykur aðeins togstreitu á milli trúarbragða, er það mat okkar að við megum ekki festast í fastheldni við verðum að vera tilbúin að vera víðsýn og takast á við breytt samfélag. Eins og segir í tillögum Miðflokksins „Með vaxandi fjölgun íslenskra ríkisborgara sem eru af erlendu bergi brotnir eykst nauðsyn þess að brjóta niður múra á milli menningarheilda og trúarhópa og

auka þar með umburðarlyndi.“ Það gerum við ekki með því auka áherslu á eina trú heldur verðum við að efla þekkingu á öðrum trúarbrögðum einnig og hefðum annarra menningarsvæða, eins og áður við höfum sagt áður þá eru fordómar oft fáfræði. Með því að vera vísðsýn og tilbúin að fræðast um önnur trúarbrögð og menningarheima þýðir það ekki að við séum að afneita uppruna eða sögu Íslands.

Lokaorð:

Við viljum enda þetta á með að vísa í tilmæli frá Evrópunefnd: þar sem fjallað er um kynþáttafordóma og umburðarlyndi „menntun gegnir mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn skorti á umburðarlyndi og kynþáttafordómum, mikilvægt er að nemendur séu fræddir um fjölbreytileika mannlífsins og mismunandi trúarbrögð.“



Alexander Ívar Logason

Formaður Menntakerfisins okkar